

Heilbrigðisstofnun Suðunesja

08 791

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Starfspáttayfirlit	6
Skýringar	7

Heilbrigðisstofnun Suðunesja

Kt: 511297-2819

Skólavegi 6, 230 Reykjanesbæ

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja heyrir undir velferðarráðuneyti/heilbrigðisráðuneyti og starfar í samræmi við lög um heilbrigði 40/2007.

Starfsemi stofnunarinnar er á þremur þjónustusviðum: Heilsugæslusviði, sjúkrasviði og rekstri hjúkrunarrýma.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir nokkur málefnasvið og málaflokka samkvæmt flokkun í fjárlögum og kemur aðgreinir starfsþáttayfirliti.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 3.440,1 milljónir og afkoma kr. -101,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -1. árslok og eignir samtals kr. 522,1 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Heilbrigðisstofnunarinnar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Markús Ingólfur Eiríksson
Forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	3.114.800.000	2.793.111.632
Seld þjónusta	3	297.251.708	284.463.629
Vörusala	4	0	3.523.970
Framlög og ýmsar tekjur	5	7.989.237	11.219.057
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	20.068.606	20.581.505
Tekjur samtals		3.440.109.551	3.112.899.793
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	6	2.763.285.126	2.552.667.644
Annar rekstrarkostnaður	7	760.852.246	636.963.862
Afskriftir	8	20.068.606	20.581.505
Gjöld samtals		3.544.205.978	3.210.213.011
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(104.096.427)	(97.313.218)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	9	3.186.687	3.932.126
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	10	(450.681)	(469.469)
		2.736.006	3.462.657
Afkoma ársins		(101.360.421)	(93.850.561)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	11		
Áhöld, tæki og búnaður		92.166.206	102.031.821
Farartæki og vélar		394.891	293.249
Aðrar eignir		330.000	330.000
		<u>92.891.097</u>	<u>102.655.070</u>
Fastafjármunir samtals		<u>92.891.097</u>	<u>102.655.070</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	12	24.397.303	24.516.374
Viðskiptakröfur	13	50.533.928	55.046.297
Tengdir aðilar	14	345.905.803	246.793.589
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	15	5.242.445	23.185.653
Handbært fé	16	3.116.062	(8.988.145)
Veltufjármunir samtals		<u>429.195.541</u>	<u>340.553.768</u>
Eignir samtals		<u>522.086.638</u>	<u>443.208.838</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	17		
Hrein eign		(51.218.070)	50.142.351
Eigið fé samtals		<u>(51.218.070)</u>	<u>50.142.351</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	14	20.192.624	15.911.414
Viðskiptaskuldir		85.103.307	57.299.418
Ýmsar skammtímaskuldir	18	285.077.980	190.856.251
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	19	182.930.797	128.999.404
Skuldir samtals		<u>573.304.708</u>	<u>393.066.487</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>522.086.638</u>	<u>443.208.838</u>
Aðrar upplýsingar	20		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(101.360.421)	(93.850.561)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	20.068.606	20.581.505
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(20.068.606)	(20.581.505)
		(101.360.421)	(93.850.561)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		22.455.577	(24.015.124)
Tengdir aðilar		(94.831.004)	(1.359.020)
Birgðir		119.071	0
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		122.025.618	(28.564.877)
		49.769.262	(53.939.021)
		(51.591.159)	(147.789.582)
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	11	(10.304.634)	(19.955.666)
		(10.304.634)	(19.955.666)
Fjármögnunarhreyfingar			
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt			
Tengdir aðilar		0	(18.020.551)
Ný langtímalán		0	46.300.000
Fjárfestingarframlag		74.000.000	0
		74.000.000	28.279.449
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		12.104.207	(139.465.799)
		(8.988.145)	130.477.654
Handbært fé í árslok			
		3.116.062	(8.988.145)

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Starfsþáttayfirlit um afkomu ársins 2019, fjárveitingar, breytingar þeirra og stöðu

	Heilsugæslusvið 08 791 101	Sjúkrasvið 08 791 111	Hjúkrunarrými 08 791 121	Samtals 2019
	Málefna svið - málaflokkur			
	23 20	24 10	25 10	
Tekjur				
Tekjufærsla fjárveitinga	1.804.100.000	984.300.000	326.400.000	3.114.800.000
Seld þjónusta	176.558.270	108.219.771	12.473.667	297.251.708
Framlög og ýmsar tekjur	6.374.280	1.614.957	0	7.989.237
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	6.235.210	11.851.957	1.981.439	20.068.606
Tekjur samtals	1.993.267.760	1.105.986.685	340.855.106	3.440.109.551
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	1.366.407.681	1.078.488.422	318.389.023	2.763.285.126
Annar rekstrarkostnaður	1.051.342.933	(418.524.487)	128.033.800	760.852.246
Afskriftir	6.235.210	11.851.957	1.981.439	20.068.606
Gjöld samtals	2.423.985.824	671.815.892	448.404.262	3.544.205.978
Afkoma fyrir fjármagnsliði	(430.718.064)	434.170.793	(107.549.156)	(104.096.427)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	2.182.018	996.986	7.683	3.186.687
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	(3.487)	(446.941)	(253)	(450.681)
	2.178.531	550.045	7.430	2.736.006
Afkoma ársins	(428.539.533)	434.720.838	(107.541.726)	(101.360.421)

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok aðrar en vegna fjárfestinga:

Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	1.630.200.000	981.900.000	326.400.000	2.938.500.000
Fjáraukalög	55.600.000	0	0	55.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	118.300.000	2.400.000	0	120.700.000
Fjárveiting til tekna	1.804.100.000	984.300.000	326.400.000	3.114.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	(2.232.639.533)	(549.579.162)	(433.941.726)	(3.216.160.421)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(428.539.533)	434.720.838	(107.541.726)	(101.360.421)
Staða fjárveitinga 2018 í lok þess árs	18.040.951	96.020.791	(69.961.867)	44.099.875
Staða fjárveitinga skipt eftir fjárheimildaliðum				
Rekstur	(410.498.582)	530.741.629	(177.503.593)	(57.260.546)
Fjárfestingar				
Fjárveiting ársins skv. Fjárlögum og Fjáraukalögum	11.400.000	7.600.000	0	19.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	55.000.000	0	55.000.000
Fjárfesting á árinu	(673.269)	(9.411.013)	(220.352)	(10.304.634)
Staða fjárfestingafjárveitingar	10.726.731	53.188.987	(220.352)	63.695.366
Staða fjárfestinga 2018 í lok þess árs	9.197.138	17.437.356	(290.160)	26.344.334
Staða fjárfestingarheimilda í árslok 2019	19.923.869	70.626.343	(510.512)	90.039.700

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti starfsþáttayfirlits

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Skýringar

	2019	2018
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	3.114.800.000	2.979.411.632
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	0	(4.300.000)
Tekjufærsla fjárveitinga	3.114.800.000	2.793.111.632
Tekjufærsla frestaðra tekna	20.068.606	20.581.505
	3.134.868.606	2.813.693.137

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	2.938.500.000	0	0	2.938.500.000
Fjáraukalög	55.600.000	0	0	55.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	120.700.000	0	0	120.700.000
Fjárveiting til tekna	3.114.800.000	0	0	3.114.800.000
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum	(3.216.160.421)	0	0	(3.216.160.421)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(101.360.421)	0	0	(101.360.421)

	2019	2018
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	266.574.473	269.566.567
Verksala	21.395.890	19.101.196
Ýmsar þjónustutekjur	(24.436.059)	(27.132.766)
Gjöld fyrir vistun	19.244.235	9.592.786
Veitinga- og gistiþjónusta	14.048.669	12.450.116
Fræðslustarfsemi og fundir	424.500	885.730
	297.251.708	284.463.629

4 Vörusala

Vörusala I	0	4.200
Vörusala II	0	3.519.770
	0	3.523.970

5 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	5.879.608	11.219.057
Afnotagjöld	8.273	0
Kostnaðarhlutdeild	1.946.856	0
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	154.500	0
	7.989.237	11.219.057

6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	2.208.863.414	2.057.039.679
Orlof, breyting	36.592.446	11.363.926
Launatengd gjöld	517.829.266	484.264.039
	2.763.285.126	2.552.667.644
Meðalfjöldi stöðugilda	197,7	193,9

Skýringar

	2019	2018
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	6.046.546	5.669.383
Tæki og búnaður til innréttinga	605.000	452.616
Ýmis tæki og áhöld	5.623.302	7.994.034
Varahlutir og viðhaldsvörur	5.025.007	3.700.681
Orkugjafar	21.995.172	22.093.392
Matvæli	52.725.774	52.172.243
Almennar rekstrarvörur	17.173.276	12.426.126
Vörukaup, almenn	109.194.077	104.508.475
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar	0	31.960
Rannsóknarstofuefni	39.194.710	34.163.231
Lyf og tengd efni	33.547.082	34.562.333
Lækninga- og hjúkrunarvörur	28.858.899	26.906.412
Sjúkrahústæki og áhöld	3.529.266	2.989.498
Kennslu- og föndurvörur	629.737	528.918
Ýmsar sérgreindar vörur	172.674	84.831
Vörukaup, sérgreind	105.932.368	99.267.183
Fundir, námskeið, risna	6.552.275	4.762.349
Ferðir, uppihald	10.679.691	6.563.779
Akstur	42.301.604	37.298.476
Sérfræðiþjónusta	156.488.266	163.902.083
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	2.642.817	1.253.930
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	566.367	118.888
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.116.815	4.444.196
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	224.347.835	218.343.701
Samningsbundin kaup og leiga	32.509.252	9.292.843
Afnotagjöld	12.058.842	13.608.271
Leigugjöld	170.403.509	95.405.063
Notkun véla og flutningatækja	171.897	399.689
Verkkaup	74.451.110	94.281.688
Kostnaðarhlutdeild	955.500	955.500
Áhættutap og bætur	186.564	(45.154)
Tryggingar, lögboðnar	148.226	141.048
Opinber gjöld	1.256.631	893.337
Tapaðar kröfur	21.432.873	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	313.574.404	214.932.285
Annar rekstrarkostnaður samtals	760.852.246	636.963.862

Skýringar

	2019	2018		
8 Afskriftir				
Áhöld, tæki og búnaður	19.945.391	20.440.433		
Farartæki og vélar	123.215	141.072		
	20.068.606	20.581.505		
9 Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður				
Ýmsar fjármunatekjur	3.186.687	3.932.126		
	3.186.687	3.932.126		
10 Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap				
Fjármagnskostnaður	450.681	469.469		
	450.681	469.469		
	31.12.2019	31.12.2018		
11 Varanlegir rekstrarfjármunir				
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:				
Áhöld, tæki og búnaður	92.166.206	102.031.821		
Farartæki og vélar	394.891	293.249		
Aðrar eignir	330.000	330.000		
	92.891.097	102.655.070		
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:				
	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019	181.817.557	2.397.428	330.000	184.544.985
Viðbætur á árinu	10.079.777	224.857	0	10.304.634
	191.897.334	2.622.285	330.000	194.849.619
Afskriftir 1.1.2019	79.785.736	2.104.179	0	81.889.915
Afskrift ársins	19.945.391	123.215	0	20.068.606
	99.731.128	2.227.394	0	101.958.522
Staða 31.12.2019	92.166.206	394.891	330.000	92.891.097
	31.12.2019	31.12.2018		
12 Birgðir				
Vörubirgðir I (sbr. teg. 563, vörukaup I)	1.378.843	1.450.856		
Vörubirgðir II (sbr. teg. 564, vörukaup II)	23.018.460	23.065.518		
	24.397.303	24.516.374		

Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
13 Viðskiptakröfur		
Viðskiptakröfur	50.533.928	55.046.297
	<u>50.533.928</u>	<u>55.046.297</u>

14 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	292.113.229	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	53.792.574	44.331.035
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga	0	202.462.554
	<u>345.905.803</u>	<u>246.793.589</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	1.736.782
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	20.192.624	14.174.632
	<u>20.192.624</u>	<u>15.911.414</u>

15 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	2.932.578	20.268.223
Skattar	2.309.867	2.917.430
	<u>5.242.445</u>	<u>23.185.653</u>

16 Handbært fé

Sjóðir	261.173	388.156
Tékkareikningar	2.854.889	(9.376.301)
	<u>3.116.062</u>	<u>(8.988.145)</u>

17 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	50.142.351	143.992.912
Afkoma ársins	(101.360.421)	(93.850.561)
Jöfnuður 31.12.	<u>(51.218.070)</u>	<u>50.142.351</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Skýringar

18 Skuldbindingar

	31.12.2019	31.12.2018
Bankareikningslán	0	9.376.301
	0	9.376.301

18 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	271.648.398	235.055.952
Ógreidd laun	11.175.724	0
Önnur ógreidd gjöld	2.253.858	(44.199.701)
	285.077.980	190.856.251

19 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með talda fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	92.891.097	102.655.070
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	90.039.700	26.344.334
	182.930.797	128.999.404

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019	102.655.070	26.344.334	128.999.404
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	74.000.000	74.000.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	10.304.634	(10.304.634)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(20.068.606)	0	(20.068.606)
	92.891.098	90.039.700	182.930.798

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 16,8 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

20 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og ýmsa aðra rekstrar- og þjónustusamninga bæði tímabnda og ótímabundna, m.a. vegna læknissþjónustu, sjúkraflutninga, lyfjaeftirlits, ræstingu, þvott á líni o.fl. . Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 170 milljónum og vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 191 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.